

Greinargerð

**Samanburður á áhrifum „stóra frumvarpsins“ og fjórföldunar á veiðigjaldi á rekstur og efnahag íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja**

Akureyri 22. nóvember 2011

Stefán B. Gunnlaugsson

Lektor við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri

## Inngangur og helstu niðurstöður

Að beiðni efnahags- og viðskiptaráðherra, Árna Páls Árnasonar, hef ég athugað áhrif hækkunar veiðigjalds á rekstur og efnahag íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Höfundur þessarar skýrslu var starfsmaður starfshóps sem sjávarútvegsráðherra fól að fara yfir áhrif frumvarps samkvæmt þingskjali nr. 1475 „stóra frumvarpið“, sem hér og með verður kallað frumvarpið á rekstur og efnahag íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Sá hópur skilaði álitinu sínu í júní sl. Þessa greinargerð má líta á sem framhald þeirrar vinnu – enda koma hér að hluta fram sömu upplýsingar og í níunda kafla skýrslu hópsins. Það sem er nýtt er að hér eru borin saman áhrif frumvarpsins á rekstur og efnahag íslenskra fyrirtækja og breytingar á stafsumhverfi fyrirtækjanna sem eingöngu fælust í mjög mikilli hækkun á veiðigjaldi þ.e. fjórföldun á veiðigjaldi. En þá er gengið út frá því að veiðigjaldið hækki úr 9,5% af reiknuðu EBITDA útgerðar í 38%.

Rétta er að taka fram að þessi greinargerð gerir ekki ráð fyrir áhrifum „litla frumvarpsins“ (þingskjal 1474), sem Alþingi samþykkti í júní sl. Því er gert ráð fyrir að stærð potta sé eins og hún var fyrir samþykkt þess frumvarps.

### *Breytingaferlið í sjávarútvegi*

Þegar kvótakerfið kom fram í sinni fyrstu mynd árið 1984 var íslenskur sjávarútvegur atvinnugrein með mikinn taprekstur, mikla umframframleiðslugetu og aflaskerðingar í sjónmáli. Fiskmarkaðir þekktust ekki heldur var fiskverð ákveðið af opinberu verðlagsráði og millifærslukerfi. Vegakerfi landsins var byggt upp af malarvegum er voru vanbúnir fyrir þungaflutninga á löngum köflum. Verðbólga mældist í tugum prósentu en vextir voru ákveðnir af stjórnvöldum en ekki frjálsum fjármagnsmarkaði. Fjárhagsstaða sjávarútvegsins var afskaplega slæm. Árið 1982 var 40% taprekstur af útgerð héraðs, 13% tap árið 1983 og 19% tap árið 1984. Austur Evrópa var enn á bak við jánrtjaldið og Kína var rétt í þann mund að fara að stinga upp kollinum sem iðnaðarstórveldi á alþjóðamörkuðum.

Frá þessum tíma hefur mikið vatn runnið til sjávar og sjávarútvegurinn hefur gengið í gegnum gríðarlegt breytingarferli. Fyrsta það fyrsta hefur aflur minnkað verulega frá þessum tíma – til að mynda er var þorskveiði árána 2010 aðeins 44% af veiði árána 1981-1983 þegar veiðireynslan myndaðist fyrir hinni upphaflegu úthlutun á aflakvóta. Á sama tíma varð iðnaður á Vesturlöndum fyrir gríðarlegum samkeppnisþrýstingi frá láglaunalöndum í austri. Það hlaut óhjákvæmilega að leiða til samdráttar í greininni með fækkun skipa og vinnsluhúsa sem oft á tíðum hefur verið sársaukafullt þar sem störf tengd greininni hafa horfið frá mörgum byggðarlögum án þess önnur hafi komið í staðinn.

En fyrir utan þessa ytri þætti hefur rekstrarumhverfi sjávarútvegsins innanlands tekið miklum stakkaskiptum. Hægt er að taka dæmi af því hvernig að frjálssir fiskmarkaðir og malbikaðir og upphækkaðir vegir hafa leitt til rofs milli veiða og vinnslu þar sem möguleikar hafa opnast fyrir fyrirtæki að sérhæfa sig á öðru hvoru sviðinu. Jafnframt geta útgerðarfyrirtæki stundað veiðar á einum stað en selt aflann til vinnslu annars staðar. Í stuttu máli má orða það svo fiskvinnsla hafi orðið eins og hver annar iðnaðar þar sem hráefni er keyrt á milli landsfjórðunga og nálægð við stöðugt vinnuafli, góðar vegasamgöngur, flugvelli og útflutningshafnir skipti álíka miklu máli og nálægð við fiskimiðin. Allar þessar breytingar hafa bæði leitt til þess að sjávarútvegsfyrirtæki hafa stækkað með sameiningum en jafnframt hefur stöðum verið skotið undir gríðar mörg lítil og sérhæfð fyrirtæki.

Það hefur verið töluverður munur á gæfu einstakra útgerðarstaða í þeim breytingum sem hafa átt sér stað. Sumir hafa vaxið og dafnað, en öðrum hnignað. Að baki hverri sögu

liggja yfirleitt þættir sem tengjast staðsetningu byggðarinnar með einum eða öðrum hætti. Það er til að mynda engin tilviljun að gamalgróin iðnaðarsvæði líkt og Eyjafjörður hafi orðið leiðandi í fiskvinnslu né heldur þéttbýliskjarnarnir í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Og jafnframt að þangað skuli verið ekið fiski víðsvegar að á landinu til vinnslu.

### *Þýðing kvótakerfisins*

Kvótakerfið hefur verið einn af lykilþáttunum í ofangreindu breytingaferli – en er aðeins einn af mörgum þáttum. Af einhverjum ástæðum hefur kvótinn þó ávallt borið hæst í umræðu um þróun sjávarútvegsins hvort sem menn hafa viljað leggja til lof eða last. Það liggur þó fyrir að hagræðing sjávarútvegsins frá árinu 1984 var óhjákvæmileg og störfum í greininn hlaut að fækka sama hvaða fiskveiðistjórnunarkerfi var við lýði. Íslenskur sjávarútvegur er útflutningsgrein og verður að keppa á alþjóðamörkuðum og það er næsta erfitt að ætla að læsa greininni inni í fyrirfram ákveðnu mynstri.

Lengi vel hefur stór hluti af sköpunarkrafti kvótakerfisins gengið til þess að endurskipuleggja greinina og kaupa út óhagkvæmari útgerðir. Ef annað kerfi hefði verið við lýði hefði sjávarútvegsfyrirtækjum þurft að fækka með gjaldþrotum, þannig að þessari óhagkvæmari útgerðaraðilar hefðu hætt starfsemi rúnir eignum. Þetta felur hins vegar einnig í sér að töluvert stór hluti af ábata hagræðingarinnar hefur runnið til aðila er hafa yfirgefið greinina.

Nú hefur rykið sest að miklu leyti eftir mikið umrót í greininni. Útvegurinn hefur verið straumlínulagaður og jafnframt eru horfur á vaxandi heildarafla á næstu árum. Það liggur einnig fyrir að raungengi krónunnar verði áfram lágt vegna bágrar stöðu á íslenskum gjaldeyrismarkaði. Fiskverð hefur farið hækkandi á síðustu árum með vaxandi eftirspurn en framboðið staðið í stað enda hefur engin fisktegund úr Atlantshafi gengið vel í eldi fyrir utan laxinn. Sviðið hefur því verið sett upp fyrir nýtt blómaskeið í sjávarútveginum með mikilli arðsköpun.

Kvótakerfið skapar arð með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með skilvirkri veiðistjórnun út frá líffræðilegu sjónarhorni þar sem hægt er að ákveða heildarafla með nákvæmni og koma í veg fyrir ofnýtingu fiskistofna. Í öðru lagi gerir frjálst framsal aflaheimilda það að verkum að hagkvæmustu útgerðaraðilarnir sjá um veiðarnar með lágmarks kostnaði og með mestri arðsemi. Þessir eiginleikar kvótakerfisins ættu nú að liggja í augum uppi eftir tæplega 30 ára reynslu þannig að lítt þurfi um þá deila. Arðsköpunarkraftur kvótakerfisins er hins vegar mun meiri en venjulegs atvinnurekstrar þar sem kerfið snýst um að takmarka aðgang að fiskiauðlindinni og skapa þannig auðlindarentu.

Auðlindarenta er grunnhugtak í hagfræði og er einfaldlega viðvarandi munur á söluverði afurða og kostnaðarverði aðfanga. Í almennum og venjubundnum rekstri þar sem engar aðgangshindranir eru til staðar hverfur rentan í samkeppni milli fyrirtækja. Ef hins vegar eitthvert fyrirtæki hefur aðgang að framleiðsluþætti, s.s. náttúruauðlindum, skapast jafnframt forsenda til þess að viðhalda rentu til lengri tíma. Eins og staðan er nú skipta sjómenn og útgerðarmenn þessari rentu á milli sín að mestu leyti í gegnum hlutaskiptakerfið en ríkið tekur til sín hluta með skattlagningu hagnaðar sjávarútvegsfyrirtækja, líkt og annarra fyrirtækja í landinu, og með sérstöku veiðigjaldi sem lagt er á reiknað EBITDA útgerðarinnar.

Þegar á allt er litið ættu hagsmunir útgerðar og þjóðar að fara saman og sæmileg sátt ætti að geta náðst um skiptingu arðsins í greininni. Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi dugar vel til þess að stjórna afla og sókn fiskiskipa og er því ákjósanlegt út frá líffræðilegum forsendum. Það dugar einnig vel til þess að skila arði og hagkvæmni og skilar ákjósanlegri

niðurstöðu út frá hagfræðilegum forsendum. Núverandi form gjaldtöku er aukinheldur skilvirk leið til skattlagningar sem er mjög auðvelt að beita til þess að flytja auðlindarentuna að hluta eða öllu leyti til þjóðarinnar frá útgerðinni. Það má jafnvel færa rök fyrir því að hækkun veiðigjalds myndi leiða til aukinnar arðsköpunar í greininni þar sem skatturinn myndi hraða á hagræðingu innan greinarinnar. Hins vegar snýst umræðan um íslenskan sjávarútveg um allt aðra hluti en verndun fiskistofna, hagkvæmni í rekstri eða skilvirka skattheimtu.

### *Byggðasjónarmið*

Sjávarútvegur er höfuðatvinnuvegur landsbyggðarinnar og því hlýtur umræða um byggðamál ávallt að vera nátengd sjávarútvegnum. Færa má rök fyrir því að sveitarfélög landsins hafi verið hornrekur í hagræðingarferli sjávarútvegsins þar sem ekkert fyrirkomulag hefur verið til staðar er tryggði einstökum byggðarlögum sem missa frá sér kvóta hlutdeild þeirri hagkvæmni sem færslan hafi skapast, s.s. með því að njóta hluta af söluandvirði kvótans. Á móti kemur vitaskuld að enginn hefur hagnast meira á hagkvæmum og vel reknum sjávarútvegi en einmitt landsbyggðin.

Það er hægt að nýta auðlindarentuna til pólitískrar stefnumótunar í byggðamálum með tvennum hætti: Í fyrsta lagi er hægt að verja auðlindagjaldinu, að hluta eða öllu leyti, til byggðamála með ýmsum hætti. Í öðru lagi er hægt er að dreifa þessari umframrentu með inngrípum í kvótakerfið sjálft og beita því stjórnþæki, m.a. í byggðaaðgerðum. Þannig er hægt að nota kvótakerfið til þess að færa á milli og endurúthluta aflaheimildum til útgerðaraðila sem nota pólitísku forgang af einhverjum sökum, s.s. vegna búsetu, veiðarfæra eða einhverra annarra þátta.

Staðreyndin er sú að aðgangur að íslenskum sjávarmiðum er það mikils virði að hvaða útgerðarform sem er, hvar á landinu sem er getur skilað þökkalegum verklaunum og jafnvel ábata fyrir hvern þann sem stundar ef hann fær aðganginn gefins. Þannig skilar það efnalegum ábata fyrir hundruð smábáta að sækja sjóinn nokkra daga í mánuði í senn á strandveiðum í kappi við tímann af þessir útgerðaraðilar þurfa ekki að eiga kvóta fyrir afla sínum. Vitanlega væri það hagkvæmari nýting á bæði mannafla og fjárafla að þessi afli væri sóttur á færri skipum á aflamarki sem myndi jafnframt skila meiri arði. En það skiptir ekki öllu. Hér er verið að gefa frían aðgang að auðlindinni og það munar öllu fyrir þá sem þess njóta.

Byggðastefnan er hluti af pólitískri stefnumörkun kjörinna fulltrúa sem hljóta ávallt að eiga síðasta orðið varðandi það hvernig að skatttekjum þjóðarinnar er varið. Frá sjónarhóli hagfræðinnar er hagkvæmast að nýta tekjur vegna auðlindargjaldsins til byggðaaðgerða fremur en grípa inn í atvinnugreinina sjálfa. Fyrir það fyrsta gefur það ríkisvaldinu færi á því að beita sér með mun fjölbreyttari hætti til þess að efla byggð vilt og breitt um landið fremur en að binda sig við eina atvinnugrein, en auk þess er bein inngríp ríkisins í einstakar atvinnugreinar eru ávallt á kostnað hagkvæmni. Hvaða leið sem er valin er samt sem áður höfuðatriðið að kostnaðurinn sé opinber þannig að skattgreiðendur viti ávallt hvert fjármunum þeirra er varið, hvort um sé að ræða færslur á kvóta eða peningum.

### *Að láta rentuna fara í súginn*

Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að eyða auðlindarentunni með því að hefta kvótakerfið, festa það niður með boðum og bönnum eða með öðrum hætti koma í veg fyrir að það virki með hagkvæmum hætti. Með því er einnig verið að laska sjávarútveginn í heild sinni sem hlýtur að hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir þjóð sem hefur fengið mest af sínum útflutningstekjum með sölu á sjávarafurðum. Hér er ekki lagt í það að skýra tilgang slíkra

aðgerða sem eiga sér enga stoð eiga sér hagkvæmni heldur eru studdar með pólitískri hugmyndafræði.

Það er þó eitt atriði í þessu sambandi sem hefur raunverulega þýðingu og það er eignarréttarleg staða aflaheimildanna. Í umræðu um kvótakerfið hefur verið töluvert mikið gert úr þeirri staðreynd að útgerðarmenn hafi fengið kvótann gefins árið 1984 á grundvelli veiðireynslu síðustu þriggja ára á undan. Útgerðarfyrirtækin sem fengu þessa úthlutun áttu þó flest að baki ára og áratuga starfsemi og hjá þeim var uppsöfnuð reynsla og þekking Íslendinga í útgerð. Það verður ekki séð að nokkur aðrir hefðu frekar átt að fá kvótann úthlutaðan á þeim tíma. Þá leit heldur enginn á kvótann sem gjöf enda var enginn arður þá til staðar í greininni. Arðurinn og virði kvótans varð ekki til fyrr en að atvinnugreinin hafði endurskipulagt sig og hagrætt eins og fjallað er um hér að ofan. Hagræðingarferlið hefur gert það að verkum að stór hluti veiðiheimilda hefur skipt um hendur og verið keyptar af öðrum útgerðum. Það er því heldur lítið sem eftir stendur af hinni upprunalegu kvótaúthlutun þar sem flestar útgerðir hafa keypt sinn kvóta.

Útgerðarmenn hafa því í þrjátíu ár farið eftir þeim leikreglum sem þeim voru settar af stjórnvöldum. Þeir eru því ekki þjófar eða lögbrjótar – heldur hafa þeir þrátt fyrir allt gengið vel um þá auðlind sem þeim hefur verið treyst fyrir. Það eru í sjálfu sér engin hagfræðileg eða sanngirnirök fyrir því að taka aflaheimildirnar af þeim sem hafa þær núna og afhenda öðrum endurgjaldslaust. Til þess að þjóðin njóti hámarksarðs vegna sjávarauðlinda sinna er heldur ekki þörf á því að taka heimildirnar traustataki heldur aðeins skattleggja þann afrakstur sem veiðiheimildirnar skila í hagkvæmum rekstri sjávarútvegsfyrirtækja.

Hins vegar verður að viðurkennast að lífið snýst um fleiri hluti en hagkvæmni og skilvirkni og það skiptir miklu máli í pólitísku samhengi á Íslandi að rjúfa þau eignarréttarlegu tengsl sem nú er til staðar á milli útgerðar og aflaheimilda við Íslandsstrendur. Það ætti að vera hægt að gera með svo kölluðum nýtingarsamningum til langs tíma sem jafnframt er hægt að fella inn í núverandi kerfi. Frá sjónarhóli útgerðarinnar væri eignarréttarlegri óvissu eytt um þær aflaheimildir sem fyrirtækin hafa haft til ráðstöfunar og þau þurfi þá ekki lengur að óttast sviptingu og gjaldþrot ef pólitískir vindar blása gegn þeim. Þannig gætu nýtingarsamningar með þessu fyrirkomulagi verið til gagns fyrir alla málsaðila.

### *Áhrif stóra frumvarpsins og samanburður við hækkun veiðigjalds*

Frumvarp 1475 um breytingar á fiskveiðistjórnunar, eða svo kallað „stóra frumvarp“, er samið af vinnuhóp fjögurra ráðherra úr forsætis-, fjármála-, velferðar-, og sjávarútvegsráðuneyti auk fimm annarra þingmanna úr stjórnarflokkunum. Frumvarpið felur í sér margvísleg pólitísk inngríp inn í stjórn fiskveiða sem sum hver rekast á hvert annað. Hér mætti nefna hækkun veiðigjalds, flutningur kvóta í potta, algjört bann við veðsetningu, miklar hömlur á frjálsum framsali og fleiri atriði frumvarpsins sem draga verulega úr hagkvæmni sjávarútvegsfyrirtækja.

Hér er gerð tilraun til þess að meta bein áhrif frumvarpsins á rekstur og efnahag tuttugu stærstu sjávarútvegsfyrirtækja hérlendis miðað við rekstur þeirra á árinu 2009. Ekki er hægt að nota nýrri gögn vegna þess að fá fyrirtæki höfðu skilað ársreikningum fyrir árið 2010 þegar þessi vinna var unnin. Fimm af fyrirtækjunum höfðu ekki skilað inn ársreikningum fyrir árið 2009 og var þeim því sleppt í þessari rannsókn. Þessi tuttugu fyrirtæki eru með u.þ.b. 62% af heildaraflahlutdeild íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Þau gefa því góða mynd á stöðu atvinnugreinarinnar. Að auki voru tekin níu fyrirtæki - valin af handahófi - úr krókaaflamarkskerfinu. Þetta eru ekki stærstu fyrirtækin í því kerfi heldur félög sem ætlað er

að gefa mynd af stöðu félaga í krókaafلامarkskerfinu. Ástæður þess að stærstu fyrirtækin í krókaafلامarkskerfinu voru ekki valin til rannsóknar, eru að þau eru oft ekki eingöngu í því kerfi, heldur einnig að hluta í aflamarkskerfinu.

Frumvarp 1475 „stóra frumvarpið“ hefur margvísleg og mjög neikvæð áhrif á rekstur og efnahag íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Hækkun veiðigjalds, flutningur kvóta í potta, algjört bann við veðsetningu og fleiri atriði frumvarpsins draga mjög úr hagkvæmni sjávarútvegsfyrirtækja. Fyrirtækin eru mörg skuldug og mega mörg ekki við verulega verra rekstrarumhverfi. Þetta á sérstaklega við um fyrirtæki í krókaafلامarkskerfinu en þau eru mörg mjög skuldsett. Niðurstaðan er sú að bein áhrif frumvarpsins eru a.m.k. jafngild fjórföldun á veiðigjaldinu eins og það var árið 2009, eða sem svarar rúmlega 9 milljörðum króna. Þar af hækkun veiðigjaldsins samkvæmt frumvarpinu aðeins 3 milljarðar eða þriðjungur af þeim kostnaði sem frumvarpið leggur á þessi fyrirtæki. Hinn kostnaðurinn, þ.e. sex milljarðar, fellur til vegna pólitískra inngripa og hverfur með aukinni óhagræði eða eru fluttur til annarra einkaaðila.

Almennt þola illa stödd fyrirtæki betur fjórföldun á veiðigjaldi ef kvóti er fluttur til og frá fyrirtækjum samkvæmt 12. grein frumvarpsins. Þau fyrirtæki sem standa illa fá yfirleitt kvóta vegna þessarar greinar, en best stöddu fyrirtækin tapa nær alltaf kvóta vegna hennar. Því þola verst stöddu fyrirtækin betur hækkun á veiðigjaldi ef hækkun veiðigjalds er framkvæmd á þennan hátt. Þetta á einkum við fyrirtækin í krókaafلامarkskerfinu en þau fá öll aukinn kvóta samkvæmt 12. greininni.

Efnahagsleg áhrif frumvarpsins eru samt sem áður mun meiri heldur en áhrif fjórföldunar á veiðigjaldi. Það sést vel ef litið er til áhrifa laganna á verð aflaheimilda. Áætla má að frumvarpið lækki virði aflaheimilda um rúmlega 50%. Hins vegar má með sambærilegum forsendum færa rök fyrir því að fjórföldun veiðigjalds lækki virði aflaheimilda um tæplega 30%. Því hefur veruleg hækkun veiðigjalds minni neikvæð áhrif á efnahagslega stöðu fyrirtækjanna heldur en frumvarpið. Það sem skilur hér á milli er bæði bann við veðsetningum sem og lækkuð hlutdeild aflamarksins í heildarveiðum. Færa má rök fyrir því að kvótaverð muni lækka meira en um 50% vegna áhrifa frumvarpsins, en bann við framsali munir rýra verð aflaheimilda enn meira en hér er gert ráð fyrir. Hér er þó er gert ráð fyrir að áfram muni eitthvert svigrúm vera til staðar að færa heimildir á milli fyrirtækja, s.s. með sameiningum og yfirtökum og því verði aflaheimildir einhvers virði þrátt fyrir frumvarpið.

Þetta er hins vegar aðeins skammtíma kostnaður vegna frumvarpsins þar sem ýmsir þættir þess, svo sem bann við framsali aflaheimilda, óvissa um endurnýjun nýtingarsamninga, bann við veðsetningu munu hafa mjög langvinn og alvarleg áhrif á rekstur greinarinnar.

## **Fjárhagsstaða fyrirtækjanna**

Hér er reynt að leggja mat á áhrif fyrirhugaðra breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu á fjárhagsstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Í töflu 1 er yfirlit yfir fjárhagsstöðu þeirra tuttugu fyrirtækja í aflamarkskerfinu sem hér eru könnuð. Þær kennitölur sem þarna eru sýndar sýna skuldir í hlutfalli við framlegð, eiginfjárstaða er sýnd og geta fyrirtækjanna til að greiða upp skuldir er reiknuð út.

Annar dálkurinn í töflunni sýnir kennitöluna nettóskuldir/EBITDA. Nettóskuldir eru heildarskuldir að frádregnum veltufjármunum. EBITDA er framlegð rekstrarins þ.e. hversu mikið reksturinn skilar fyrir vexti, afskriftir og skatta. Því má segja að ef þessi kennitala er 10, væri fyrirtæki tíu ár að greiða allar skuldir ef það endurfjárfesti ekki, greiddi ekki skatta, vexti eða arð. Neikvæð tala þýðir að félagið er í raun skuldlaust þ.e. veltufjármunir eru hærri

en skuldir. Helst er talið að æskilegt að þessi kennitala sé undir 5 og þannig er raunin hjá sjö af þessum tuttugu fyrirtækjum. Af þessum fyrirtækjum eru tvö fyrirtæki með neikvæða tölu. Ef þessi sama tala er á milli fimm og tíu er skuldastaðan metin erfið og þannig er raunin hjá átta af þessum fyrirtækjum. Hagurinn fer heldur að óvænkast og skuldastaðan vart sjálfbær þegar farið er upp fyrir tíu en það á við um fimm félög á listanum. Meðaltalið fyrir öll þessi 20 fyrirtæki er aftur á móti 6,8.

Þriðji dálkurinn sýnir kennitöluna (nettóskuldir-aðrar eignir)/EBITDA. Þessi kennitala er því mjög lík þeirri í öðrum dálki. Eini munurinn er að búið er að draga aðrar eignir frá nettóskuldum. Það er gert til að leiðrétta fyrir því að sum félög eiga eignir, einkum hlutabréf í hlutdeildarfélögum, sem flokkaðar eru með öðrum eignum. Þetta er einkum áberandi hjá félagi númer 6 í töflunni en það er í raun skuldlaust þegar þessi kennitala er skoðuð.

*Tafla. 1. Yfirlit yfir helstu skuldakennitölur tuttugu stærstu íslensku sjávarútvegsfyrirtækjanna 2009.*

Fyrirtæki	Nettósk./ EBITDA	(Nettósk.-aðr. EBITDA)	Bókfært eiginfjárh.	Endurmetið eiginfjárh.	Ár að greiða upp skuldir
1	-7,2	-7,2	93,0%	96,3%	Skuldlaus
2	-1,0	-1,1	51,6%	73,0%	Skuldlaus
3	1,9	1,6	35,2%	51,5%	2,7
4	3,4	2,9	46,4%	59,8%	6,7
5	3,9	3,1	32,9%	58,8%	8,7
6	4,5	-1,1	40,3%	56,4%	6,9
7	4,7	4,7	15,6%	27,9%	7,5
8	5,3	5,3	18,7%	36,4%	11,7
9	6,5	6,5	-2,9%	15,6%	13,7
10	6,8	6,7	16,8%	35,8%	10,1
11	8,0	7,9	16,1%	30,7%	16,0
12	8,1	8,1	-30,7%	10,7%	12,8
13	8,3	7,7	-35,9%	23,5%	12,4
14	9,8	6,6	16,5%	25,7%	39,6
15	9,9	9,9	-43,0%	45,1%	17,2
16	10,9	8,3	-29,0%	21,2%	72,2
17	11,3	11,2	-91,0%	-22,6%	24,4
18	12,7	12,1	-51,9%	-4,9%	Aldrei
19	13,9	13,9	-78,5%	-33,2%	45,2
20	14,5	12,6	-16,7%	45,0%	Aldrei
Meðaltal	6,8	6,0	0,2%	32,6%	

Heimild: Ársskýrslur fyrirtækjanna og útreikningar höfundar

Fjórði dálkurinn í töflu 1 sýnir bókfært eiginfjárlutfall þessara sjávarútvegsfyrirtækja. Eiginfjárlutfall er eigið fé deilt með heildar eignum. Ef þetta hlutfall er 30%, sem almennt er talið vera æskilegt lámörk, þá fjármagnar félagið sig 30% með eigin fé en afganginn 70% með lánsfé. Að meðaltali er þetta hlutfall einungis 0,2% hjá þessu félögum þar sem bókfært eigið fé er að mestu horfið eftir mikið gengistap eftir hrun íslensku krónunnar árið 2008. Alls er þetta hlutfall neikvætt hjá níu af tuttugu félögum en það þýðir að bókfært virði eigna því minna en skuldir.

Eins og með aðrar kennitölur sjávarútvegsfyrirtækja er töluverður munur á eiginfjárstöðu einstakra fyrirtækja. Þessi munur stafar af hluta til af því að mjög misjafnt er hvernig verðmæti veiðiheimilda er bókfært í ársreikningum fyrirtækjanna. Sum bókfæra verðmæti þeirra mjög lágt meðan að önnur bókfæra verðmæti þeirra allt að 80% af áætluðu markaðsverði. Til þess að birta sambærilegar tölur fyrir öll fyrirtækin er eiginfjárlutfallið endurmetið í töflu 1 þar sem aflahæimildir eru metnar á áætluðu markaðsverði.<sup>1</sup> Þessi kennitala sýnir almennt þokkalega eiginfjárstöðu hjá þessum fyrirtækjum en að meðaltal er talan 32,6%. Hjá þremur félögum er þessi kennitala neikvæð þannig að eignir þeirra á markaðsverði eru minni en skuldir og því er raunveruleg efnahagsleg staða þeirra mjög slæm.

Sjötti dálkurinn í töflu 1 sýnir hversu lengi félögin eru að greiða upp allar skuldir. Stuðst er við eftirfarandi forsendur:

- Viðmiðunarárið er rekstur félaganna árið 2009. Ekki er gert ráð fyrir gengisbreytingum og verðlagshækkunir eru ekki inni í útreikningum. Gengi krónunnar er nú veikt og margt bendir til þess að það verði það áfram. Ef gengið styrkist þá lækkar EBITDA hagnaður fyrirtækjanna. Hins vegar lækka skuldirnar við styrkingu krónunnar og vegur það nokkuð á móti við útreikning á þeim tíma sem tekur að greiða niður skuldir. Ekki er hægt að spá fyrir um gengi gjaldmiðla og því verður miðað við óbreytt gengi.
- Gert er ráð fyrir að fjármagnskostnaður íslensks sjávarútvegs fari hækkandi en raunvextir á lánum greinarinnar eru áttaðir um 3,0% nú um stundir en muni hækka upp í 7% á næstu sex árum og haldist síðan þar.
- Árleg endurfjárfestingarþörf er metin hjá hverju fyrirtæki með hliðsjón af afskriftum. Frá árinu 2005 hefur aflahlutdeild almennt ekki verið afskrifaðar í reikninum sjávarútvegsfyrirtækja og því hafa afskriftir frá þeim tíma verið eingöngu vegna fastafjármuna. Endurfjárfestingarþörf fyrirtækjanna er þó almennt metin nokkru hærri en afskrifir. Ástæður þessa eru gengisfall krónunnar en fall hennar veldur því að nýir framleiðslufjármunir hafa hækkað í verði, s.s. skip, tæki og búnaður.
- Ekki er gert ráð fyrir neinum öðrum sköttum en veiðigjaldi. Ekki er gert ráð fyrir arðgreiðslum til eigenda.

Í stuttu máli má segja að dálkur sex í töflunni sýni hversu mörg ár er áætlað að það taki fyrirtækin að greiða upp skuldir með áframhaldandi rekstri. Reksturviðmiðið er árið 2009 og jafnframt að engar eignir keyptar eða seldar en eðlileg endurnýjun verði á skipum, húsnæði og tækjum. Með þessum forsendum er ljóst að tvö félög sem sýnd eru á töflu 1 ná aldrei að greiða upp skuldir. Miðgildi þessarar kennitölu er 13,1 ár hjá þessum fyrirtækjum. Tíu fyrirtæki eru fljótari að greiða upp skuldir en 13,1 ár og tíu lengur.

Í töflu 2 er sömu aðferðafræði beitt á níu fyrirtæki í krókaafلامarkskerfinu (litla kerfinu). Notaðar voru sömu forsendur og áður þegar reiknað var út hversu lengi félögin væru að greiða upp skuldir. Félögin voru valin tilviljanakennt og eiga því með góðum líkum að sýna rétta mynd af stöðu þessa flokks sjávarútvegsfyrirtækja. Taflan sýnir að almennt er fjárhagsstaða þessara fyrirtækja mjög mismunandi og yfirleitt er hún slæm. Fimm fyrirtæki

---

<sup>1</sup> Miðað var við eftirfarandi verð á aflahlutdeild á mikilvægustu fisktegundum: Þorskur 2200 kr./kg. Ýsa 950 kr./kg. Ufsi 500 kr./kg. Hvert 1% af loðnuhlutdeild var metið á 225 millj. kr. og hvert 1% af síldarhlutdeild á 200 millj. kr.



eru í mjög erfiðri stöðu, eitt í erfiðri stöðu en þrjú í góðri fjárhagsstöðu. Sjö fyrirtæki eru með neikvætt bókfært eigið fé en endurmetið eigið fé er neikvætt hjá fjórum af þessum fyrirtækjum þegar veiðiheimildir eru metnar á áætluðu markaðsverði.<sup>2</sup> Því er raunverulegt verðmæti eigna minna en skulda hjá þessum fyrirtækjum. Þau eiga því líklega fáa möguleika aðra en endurskipulagningu skulda á næstu misserum.

*Tafla 2. Yfirlit yfir helstu kennitölur níu fyrirtækja í króka-aflamarkskerfinu á árinu 2009.*

Fyrirtæki	Nettósk./ EBITDA	(Nettósk.-aðr. EBITDA	Bókfært eiginfjárh.	Endurmetið eiginfjárh.	Ár að greiða upp skuldir
1	-0,4	-0,4	54,5%	94,6%	Skuldlaus
2	4,3	4,3	-28,8%	22,4%	5,4
3	4,3	4,3	-40,3%	92,7%	10,1
4	6,3	5,7	64,7%	77,6%	12,7
5	11,9	11,9	-92,0%	2,8%	Aldrei
6	13,3	13,3	-44,5%	-75,5%	49,8
7	16,3	13,1	-86,8%	-45,0%	Aldrei
8	18,0	18,0	-125,8%	-121,0%	Aldrei
9	30,5	30,5	-128,5%	-166,2%	Aldrei
Meðaltal	11,6	11,2	-47,5%	-13,1%	

Heimild: Ársskýrslur fyrirtækjanna og útreikningar höfundar

Þegar farið er yfir fjárhagsstöðu helstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins sýnir hún almennt nokkuð erfiða fjárhagsstöðu þó mikill breytileiki sé á milli fyrirtækja. Sjö fyrirtæki eru flokkuð í góðri stöðu, átta eru í erfiðri stöðu, en fimm félög eru í mjög erfiðri fjárhagsstöðu. Af þeim sem eru í mjög erfiðri fjárhagsstöðu eru þrjú með neikvætt endurmetið eigið fé. Þau eiga fáa kosti og líklegt að þau muni þurfa að fara í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu á næstu misserum.

Staða fyrirtækjanna í krókaafلامarkskerfinu er almennt mun verri en staða stóru fyrirtækjanna. Skuldir þeirra eru yfirleitt mjög miklar og oft alveg óviðráðanlegar. Því er öruggt að þau munu mörg ganga í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu.

## Mikilvægustu áhrif frumvarpsins

### 25. greinin (hækkun á veiðigjaldi)

Samkvæmt frumvarpinu á að tvöfalda það veiðigjald sem íslensk sjávarútvegsfyrirtæki greiða. Samkvæmt greinargerð Fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjaldið hækki um 2,8 ma. kr. og verði 5,6 ma. kr. Í annari greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjaldið hækki í 6,1 ma. kr. og verði hækkunin því 3,3 ma. kr. Hér er miðað við að seinna matið sé réttara og er því stuðst við það við mat á áhrifum frumvarpsins.

<sup>2</sup> Miðað var við eftirfarandi verð á aflahlutdeild: Þorskur 1850 kr./kg. Ýsa 950 kr./kg. Ufsi 300 kr./kg. Steinbítur 750 kr./kg.

## 12. greinin (pottajöfnunin)

12. grein frumvarpsins er flókin og erfitt að reikna út nákvæma útfærslu hennar. Áhrif hennar eru mjög háð þeim forsendum sem gerðar eru. Í grófum dráttum felst í 12. greininni að skerðingar vegna núverandi potta sem hafa verið vegna strandveiða, byggðakvóta, línuívilnunar og skeljar- og rækjubóta er dreift jafnt á öll fyrirtæki í aflamarkskerfinu. Í pottunum hafa eingöngu verið þorskur, ýsa, ufsa og steinbítur. Því hefur aflahlutdeild þeirra fyrirtækja, sem hlutfallslega eru með mikla hlutdeild í þessum tegundum, verið skertur meira en annarra vegna þessara potta. Á síðasta fiskveiðiári voru um 16.500 þorskígildistonn í þessum pottum. Samkvæmt Fiskistofu var úthlutað aflamark 17. maí sl. um 367 þúsund þorskígildistonn. Því var í pottunum um 4,3% af heildaraflamarki í þorskígildum. Við þessar forsendur er stuðst við útreikning á áhrifum 12. greinarinnar. Ef heildaraflamark verður meiri en 367 þús. þorskígildistonn, sérstaklega ef mikill loðnu- og síldarhlutdeild er þegar tilfærsla verður vegna 12. greinar, þá má gera ráð fyrir að áhrif þessa ákvæðis verði enn meiri en hér er sýnt. Við það verður flutningur á aflaheimildum frá uppsjávarfyrirtækjum til þorskfyrirtækja enn meiri.

## 3. greinin (flutningur á kvóta í potta)

Það sem hefur mest áhrif í 3. greininni er færsla aflaheimilda frá núverandi handhöfum aflheimilda í potta. Samkvæmt þessari grein á ekki á að færa meira af þorski, ýsu, ufsa og steinbíti í potta nema aflamark þessara tegunda verði hærra en á síðasta fiskveiðiári. Ef hækkun á sér stað munu núverandi handhafar heimildanna fá 55% af aukningunni en 45% fari í pottana allt þar til afli fer yfir meðalafli fiskveiðiáranna 1990/1991 til 2009/2010. Ef aflaheimildir fara yfir það meðaltal fer 50% af aukningunni til núverandi handhafa aflaheimildanna.

Ekki er að sjá að 3. greinin skipti miklu máli fyrir aflaheimildir fyrir ýsu, ufsa og steinbít vegna þess að ekki eru horfur á verulegri aukningu aflaheimilda á þessum tegundum á næstu árum. Hins vegar skiptir greinin miklu máli í þorski. Alþjóða hafrannsóknaráðið (ICES 2009) hefur m.a. spáð að hægt verði að auka veiðar á þorski verulega á næstu árum. Niðurstöður líkans þeirra benda til að hægt verði að auka þorskveiðar víð Ísland í 250 þúsund tonn árin 2016-2018. Líkanið er slembið (e. stochastic) svo um vænta þróun er að ræða. Niðurstöðurnar gera ráð fyrir að væntur þorskafli verði stöðugur eftir það um 250 þúsund tonn.<sup>3</sup> Aflamark þorsks á síðasta fiskveiðiári voru hins vegar einungis 160 þúsund tonn. Því má gera ráð fyrir að núverandi handhafar þorskaflaheimilda tapi aflaheimildum vegna 3. greinarinnar á næstu árum.

Flytja á aðrar tegundir en þorsk, ýsu, ufsa og steinbít í potta á 15 árum. Fyrsta árið fer 4% í potta, en þar á eftir 0,865% á ári. Í lok 15 árs verður því 15% af aflaheimildum núverandi handhafa komin í potta samkvæmt þessu

<sup>3</sup> Ástæða er til að benda á að líkanið byggir á þeirri veiku nýliðun sem hefur verið ráðandi síðan um 1980. Sterkari nýliðun gefur meiri jafnstöðuafla.

## Áhrif frumvarpsins á rekstur félaganna

Eins og að ofan greinir er felast bein áhrif af frumvarpinu á rekstur félaganna í hækkun á veiðigjaldi, pottajöfnun (12. greinin) og flutnings á aflaheimildum í potta (3. greinin). Hér er ekki gert ráð fyrir því að fyrirtækin leigi til sín aflamark úr leigupottinum. Ástæður þessa eru að óvíst er að þau fyrirtæki sem hér eru athuguð fái yfir höfuð að bjóða í kvótann í leigupottinum. Samkvæmt frumvarpinu hefur ráðherra vald til að ráðstafa leigupottinum til sérstakra landssvæða, útgerðarflokka o.fl. Auk þessa hefur ráðherra heimild til að ráðstafa ótilgreindu magni til nýrra nýtingarsamninga, þ.e. til nýliða. Því er ekki hægt að gera ráð fyrir að þessi fyrirtæki, sem hér eru athuguð, fái aflamark úr leigupottinum. Áhrif leigupotta á útreikningana verða þar að auki lítil nema leiguverð verði verulega lægra en jaðarframlegð (EBITDA) félaganna.

Í töflu 3. eru sýnd áhrif frumvarpsins á aflaheimildir félaganna, EBITDA og þann tíma sem það tekur fyrirtækin að greiða upp skuldir. Þessi tafla miðast við óbreytt heildaraflamark allra tegunda. Í dálki tvö eru sýnt hve mikið aflaheimildir minnka hlutfallslega í þorskígildum á fyrsta ári vegna frumvarpsins. Í þriðja dálki hve mikið aflaheimildir minnka á fimmtánda ári. Ef til að mynda fyrirtæki 1 er skoðað sést að aflaheimildir lækka um 6,5% á fyrsta ári, en á því ári eru áhrif 12. greinarinnar mikil, auk þess sem aflaheimildir af öðrum tegundum en þeim sem eru í pottunum eru skertar um 4,0%. Á fimmtánda ári er 15,6% skerðing á upphaflegum aflaheimildum vegna frumvarpsins, þ.e. fyrirtæki 1 tapar 15,6% aflaheimilda fyrirtækisins í þorskígildum á fimmtánda ári vegna frumvarpsins.

Lækkun á framlegð (EBITDA) er þó heldur meiri en nemur lækkun aflaheimilda. Ástæður fyrir því eru að veiðigjaldið er látið lækka EBITDA þó færa megi rök fyrir því að kostnaður vegna þess eigi að vera færður neðar í rekstrarreikningi. Að auki leiða minni aflaheimildir til lægri tekna og því lækkunar á framlegð. Lækkun framlegðar er meiri en lækkun tekna. Ástæður þessa er að kostnaður skiptist í fastan og breytilegan kostnað. Breytilegur kostnaður eins og t.d. laun sjómanna lækka sjálfkrafa þegar aflaheimildir minnka. Hins vegar lækkar fastur kostnaður en það er t.d. kostnaður vegna trygginga, stjórnunar, o.fl. ekki nema á nokkrum tíma. Í þessum útreikningum er gengið út frá því að sá tími sem það taki fastan kostnað að lækka í samræmi við tekjur séu fjögur ár. Allt þetta leiðir til þess að við minnkun aflaheimilda minnkar framlegð heldur meira en tekjur. Þessu er öfugt farið þegar aflaheimildir aukast. Þá eykst framlegð heldur meira heldur en aukning tekna.

Í fjórða dálki er sýnt hversu mikið EBITDA fyrirtækjanna lækkar á fyrsta ári og í næsta dálki þar til hægri hve mikið EBITDA lækkar á fimmtánda ári. Hjá fyrirtæki 1 er lækkunin 13,0% á fyrsta ári en 19,9% á því fimmtánda. Að lokum er sýnt í næstu tveimur dálkum hversu lengi fyrirtækin eru að greiða upp skuldir. Áætlað er að fyrirtæki 1 yrði 2,7 ár að greiða upp allar skuldir en frumvarpið hefur þau áhrif að sá tími lengist í 3,3 ár.

Tafla 3. Áhrif framvarps skv. þingskjali 1475 á rekstur tuttugu stærstu fyrirtækjanna í aflamarkskerfinu og níu fyrirtækja í krókaafلامarkskerfinu ef gert er ráð fyrir óbreyttum aflaheimildum í þorski.

Fyrirtæki:	Breyting á	Breyting á	Breyting á	Breyting á	Upphaflega fjöldi	Eftir lög fjöldi
Í aflamarkskerfinu:	kvóta á 1 ári	kvóta á 15 ári	EBITDA á 1 ári	EBITDA á 15 ári	ára að greiða skuldir	ára að greiða skuldir
1	-6,5%	-15,6%	-13,0%	-19,9%	2,7	3,3
2	-6,4%	-15,5%	-15,5%	-22,1%	11,7	21,9
3	-5,3%	-13,4%	-11,6%	-17,9%	13,7	20,8
4	-4,9%	-12,7%	-14,3%	-20,1%	8,7	14,1
5	-4,9%	-12,5%	-13,9%	-19,5%	6,7	9,9
6	-4,3%	-11,6%	-10,0%	-15,8%	7,5	9,3
7	-4,0%	-11,0%	-11,8%	-17,2%	72,2	Aldrei
8	-3,6%	-10,4%	-10,1%	-15,5%	6,9	8,5
9	-3,4%	-9,8%	-12,3%	-17,3%	Skuldlaus	Skuldlaus
10	-2,6%	-8,3%	-18,5%	-22,7%	Aldrei	Aldrei
11	-2,2%	-7,7%	-10,5%	-15,0%	10,1	12,6
12	-2,1%	-7,3%	-8,3%	-12,8%	Skuldlaus	Skuldlaus
13	-0,9%	-5,3%	-6,7%	-10,9%	Aldrei	Aldrei
14	-0,4%	-4,1%	-7,1%	-10,8%	16,0	20,2
15	-0,1%	-3,7%	-11,5%	-15,0%	17,2	24,0
16	0,4%	-2,6%	-5,7%	-8,8%	12,4	14,1
17	0,7%	-1,9%	-4,2%	-7,2%	24,4	29,8
18	2,2%	0,4%	-2,1%	-4,8%	39,6	67,5
19	3,0%	1,8%	0,0%	-2,4%	12,8	13,1
20	3,8%	3,5%	0,4%	-1,5%	45,2	49,3
Meðaltal í aflamarkskerfinu	-2,1%	-7,4%	-9,3%	-13,9%		
Í krókaafلامarkskerfinu:						
1	3,3%	2,6%	-3,1%	-5,1%	Aldrei	Aldrei
2	2,8%	0,6%	-62,1%	-64,1%	10,1	Aldrei
3	3,1%	2,3%	-14,2%	-16,2%	12,7	19,9
4	3,1%	1,9%	-3,2%	-5,5%	Skuldlaus	Skuldlaus
5	2,8%	2,2%	0,1%	-1,6%	5,4	5,4
6	3,9%	3,6%	0,1%	-1,9%	Aldrei	Aldrei
7	4,1%	3,7%	3,1%	1,0%	49,8	44,3
8	4,2%	3,9%	1,4%	-0,6%	Aldrei	Aldrei
9	4,4%	4,4%	0,6%	-1,1%	Aldrei	Aldrei
Meðaltal í krókaafلامarkskerfinu	3,5%	2,8%	-8,6%	-10,6%		

Þegar tafla 3 er skoðuð sést að meðaltalslækkun aflaheimilda fyrirtækja í aflamarkskerfinu um 2,1% á fyrsta ári. Á fimmtánda ári hafa þær hins vegar lækkað um 7,4%. Lækkun framlegðar (EBITDA) er hins vegar mun meiri. Á fyrsta ári lækkar hún um 9,3% að meðaltali en um 13,9% á því fimmtánda. Ástæðan fyrir meiri lækkun framlegðar er eins og áður kom fram að hluti rekstrarkostnaðar er fastur. Fyrirtæki ná því ekki strax að lækka fastan rekstrarkostnað þegar veiðiheimildir og tekjur minnka. Því lækkar framlegð meira en tekjur þegar aflaheimildir minnka.

Áhrif á krókaafلامarkskerfið eru hins vegar önnur. Framvarpið þau áhrif að aflaheimildir þeirra fyrirtækja sem hér eru athuguð eykst. Að meðaltali aukast þær um 3,5% á fyrsta ári en 2,8% á fimmtánda ári. Hins vegar hafa lögin neikvæð áhrif á EBITDA krókaafلامarksfélaganna vegna hækkunar á veiðigjaldi. Almennt hefur hækkun veiðigjalds meiri áhrif á fyrirtæki í krókaafلامark en þau félög í aflamarkskerfinu sem hér eru skoðuð. Ástæðan fyrir því er að framlegð (EBITDA) á hvert þorskígildi hjá útgerðum í krókaafلامark er mun lægri en hjá hinum fyrirtækjunum.

Tafla 4 er eins og tafla 3 nema að í henni eru sýnd hvaða áhrif aukinn þorskkvóti hefur. Samkvæmt spá Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES 2009) þá munu þorskveiðar við Ísland aukast úr 160 þúsund tonnum í 250 þúsund tonn á nokkrum árum. Þær forsendur sem taflan byggir á er að heildaraflí í þorski verði kominn í 250 þúsund tonn árið 2018 og verði 250 þúsund tonn eftir það. Gert er ráð fyrir að aflí í öðrum tegundum en þorski verði óbreyttur.

*Tafla 4. Áhrif frumvarpsins á rekstur tuttugu stærstu fyrirtækjanna í aflamarkskerfinu og níu fyrirtækja í krókaflamarkskerfinu ef gert er ráð fyrir auknum aflaheimildum í þorski.*

Fyrirtæki:	Breyting á	Breyting á	Breyting á	Breyting á	Upphaflega fjöldi	Eftir lög fjöldi
Í aflamarkskerfinu:	kvóta á 1 ári	kvóta á 15 ári	EBITDA á 1 ári	EBITDA á 15 ári	ára að greiða skuldir	ára að greiða skuldir
1	-6,9%	-17,3%	-13,6%	-21,6%	2,6	3,2
2	-6,9%	-17,1%	-16,1%	-23,8%	10,5	19,1
3	-6,3%	-16,8%	-15,4%	-23,4%	11,1	17,1
4	-5,9%	-16,0%	-14,3%	-20,1%	7,3	11,7
5	-5,7%	-15,2%	-14,8%	-22,2%	6,0	8,8
6	-5,4%	-15,5%	-11,4%	-19,8%	6,6	8,4
7	-5,2%	-15,0%	-13,2%	-21,3%	27,5	Aldrei
8	-5,3%	-15,9%	-12,1%	-21,1%	5,8	7,4
9	-4,7%	-14,2%	-13,8%	-21,7%	Skuldlaus	Skuldlaus
10	-4,1%	-13,5%	-20,1%	-27,4%	Aldrei	Aldrei
11	-4,1%	-14,3%	-12,8%	-21,6%	8,1	10,6
12	-3,9%	-13,9%	-10,6%	-19,5%	Skuldlaus	Skuldlaus
13	-3,6%	-14,5%	-10,1%	-20,2%	21,2	45,2
14	-2,7%	-12,5%	-10,0%	-19,2%	10,9	14,9
15	-2,6%	-12,7%	-14,5%	-23,5%	11,8	17,4
16	-1,9%	-10,9%	-8,6%	-17,3%	9,4	11,7
17	-1,7%	-10,9%	-7,4%	-16,5%	15,2	Aldrei
18	-1,1%	-11,3%	-6,3%	-16,7%	15,2	22,5
19	-1,3%	-12,8%	-5,6%	-17,5%	8,1	9,7
20	-0,2%	-10,6%	-4,9%	-16,0%	17,1	23,3
Meðaltal í aflamarkskerfinu	-4,0%	-14,0%	-11,8%	-20,5%		
Í krókaflamarkskerfinu:						
1	0,2%	-9,0%	-7,0%	-16,7%	21,1	37,0
2	1,0%	-6,4%	-62,5%	-66,1%	7,6	Aldrei
3	-0,6%	-10,6%	-18,1%	-27,4%	7,9	12,8
4	-0,8%	-11,6%	-8,1%	-19,0%	Skuldlaus	Skuldlaus
5	-0,5%	-9,8%	-4,2%	-14,2%	4,3	4,8
6	1,3%	-6,6%	-3,5%	-12,4%	34,7	Aldrei
7	0,0%	-10,6%	-2,4%	-14,1%	15,9	21,9
8	0,2%	-10,4%	-4,0%	-15,4%	35,5	Aldrei
9	-1,2%	-13,9%	-6,6%	-19,6%	Aldrei	Aldrei
Meðaltal í krókaflamarkskerfinu	-0,1%	-9,9%	-12,9%	-22,8%		

Tafla 4 gefur aðra, og betri, mynd en tafla 3 af áhrifum frumvarpsins. Auknar aflaheimildir í þorski leiða til þess að tekjur og EBITDA hagnaður fyrirtækjanna aukast. Þau eru fljótari að greiða niður skuldir og mörg fyrirtæki sem ekki geta greitt niður skuldir geta það ef þau njóta aukinna aflaheimilda í þorski.

Ef fyrst er farið yfir áhrifin á kvótastöðuna þá sést í öðrum dálki breyting á aflaheimildum í þorskígildum á fyrsta ári vegna frumvarpsins. Aflaheimildirnar lækka vegna þess að 4% af aflaheimildum annarra fisktegunda en pottategundanna (þorskur, ýsa, ufsi og

steinbítur) er færður af fyrirtækinu í pottana. Einnig hefur 12. greinin áhrif en hún skerðir aflaheimildir með beinum hætti. Að auki er reiknuð skerðing vegna þess að fyrirtækið fær ekki nema 55% af þeirri aukningu sem verður á þorskaflaheimilda á fyrsta árinu. Samtals þýðir þetta að fyrirtæki 1 er með 6,9% minni aflaheimildir í þorskígildum á fyrsta ári gildistöku laganna en það væri með ef lög um stjórn fiskveiða væru óbreytt. Næsti dálkur sýnir í raun það sama og annar dálkur nema að hann sýnir tapaðar aflaheimildir á fimmtánda ári þegar skerðing laganna er að fullu komin fram. Hjá fyrirtæki 1 væru aflaheimildir því 17,3% minni í þorskígildum á fimmtánda ári frá gildistöku laganna heldur en ef lög um stjórn fiskveiða væru óbreytt.

Næstu tveir dálkar sýna hver áhrif frumvarpið hefur á EBITDA fyrirtækjanna. Áhrif frumvarpsins á fyrirtæki 1 á fyrsta ári eru að EBITDA hagnaður lækkar um 13,6% en á fimmtánda ári eru áhrifin þau að framlegð lækkar um 21,6%. EBITDA hagnaður lækkar vegna þess að frumvarpið skerðir aflaheimildir fyrirtækjanna, sem lækkar tekjur og EBITDA hagnað, auk þess að hækkun veiðigjalds er látin skerða EBITDA hagnað. Seinustu tveir dálkarnir (dálkar 6 og 7) sýna hversu lengi fyrirtækin eru að greiða upp allar skuldir. Dálkur 6 sýnir að fyrirtæki 1 er 2,6 ár að greiða upp skuldir en ef frumvarpið tekur gildi þá lengist sá tími í 3,2 ár eins og dálkur 7 sýnir.

Tafla 4 gefur nokkuð aðra mynd af áhrifum frumvarpsins en tafla 3. Ástæður þessa eru taflan sýnir áhrif líklegrar hækkunar þorskaflaheimilda og hvers fyrirtækin fara á mis við ef þau fá einungis 55% af hækkuninni í stað þess að njóta hennar að fullu. Sem dæmi má nefna fyrirtæki númer 20 í töflunni. Í töflu 3 kom fram að frumvarpið leiðir til aukinna aflaheimilda hjá því á fyrsta og fimmtánda ári. Þetta fyrirtæki er með hlutfallslega miklar aflaheimildir í þorski og fær því verulega auknar aflaheimildir vegna 12. greinarinnar. Hins vegar þegar gert er ráð fyrir auknum þorskaflaheimildum þá tapar fyrirtæki 20 aflaheimildum vegna ákvæða frumvarpsins. Á fyrsta ári 0,2% og því fimmtánda 10,6% eins og sést í töflu 4. Áhrif á fyrirtækin í krókaafلامarkinu eru svipuð og á fyrirtæki 20. Þau tapa öll aflaheimildum vegna laganna vegna þess að þau verða af aukningu á þorskaflaheimildum. Tapið er að meðaltali lítið á fyrsta ári, einungis 0,1% af heildarkvóta í þorskígildum, en á því fimmtánda er það komið í 9,9%.

Áhugavert er að skoða sérstakleg fyrirtækin í krókaafلامarkinu. Tafla 3 sýni að fjögur af níu fyrirtækjum geta ekki greitt niður skuldir ef aflaheimildir eru óbreyttar. Hins vegar sýnir tafla 4 að aukinn þorskkvóti hefur mikil áhrif á rekstur, framlegð og getu þessara fyrirtækja til að greiða niður skuldir. Ef þau njóta aukins þorskkvóta þá er einungis eitt af níu fyrirtækjum í krókaafلامarkskerfinu ófært um að greiða niður skuldir. Hins vegar hefur frumvarpið þau áhrif að fjögur fyrirtæki af níu geta ekki greitt niður skuldir þrátt fyrir að þorskkvótinn verði aukinn.

## Áhrif fjórföldunar veiðigjalds á rekstur

Til samanburðar við frumvarp 1475 er rannsakað hvaða áhrif mikil hækkun á veiðigjaldi hefur á rekstur íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Áfram eru skoðuð sömu fyrirtæki og áður þ.e. tuttugu stærstu sjávarútvegsfyrirtækin og níu fyrirtæki í krókaafلامarkskerfinu. Miðað er við að veiðigjald sé fjórfaldað þ.e. að það fari úr 9,5% af EBITDA útgerðar í 38%, en frumvarp 1475 gerir ráð fyrir tvöföldun á veiðigjaldi og það verði því 19% af EBITDA útgerðar. Þannig mun veiðigjaldið nema um 12,2 ma. kr. á ári en frumvarpið gerir ráð fyrir að það sé um 6,1 ma. kr.

Tafla 5 sýnir hvaða áhrif fjórföldun veiðigjalds hefur á rekstur íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja ef ekki er gert ráð fyrir breytingu á aflaheimildum. Taflan sýnir að

stóru félagin ráða vel við svo mikla hækkun veiðigjalds. Að meðaltali lækkar EBITDA þeirra um 18,3% sé veiðigjaldið fjórfaldað. Sá tími sem það tekur þau að greiða upp skuldir lengist nokkuð en t.d. hjá félagi nr. 11 lengist sá tími úr 10,1 árum í 15,4 ár.

Áhrif fjórföldunar veiðigjalds á fyrirtækin í krókaafلامarkinu eru mun meiri en hjá stóru fyrirtækjunum. Þau ráða illa við svo mikla hækkun veiðigjalds samkvæmt töflu 5. EBITDA þeirra lækkar að meðaltali um 36,4%. Ástæður þess að þessi fyrirtæki koma verr út en stóru fyrirtækin eru líklega tvær. Í fyrsta lagi eru þau líklega verr rekin og með meiri tilkostnað, sem sést á að EBITDA á þorskígildi þeirra er yfirleitt mun lægra en hjá stóru fyrirtækjunum. Auk þessa eru þau ekki með fiskvinnslu en um helmingur EBITDA íslensks sjávarútvegs 2009 var hjá fiskvinnslunni samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Ef töflur 3 og 5 eru bornar saman þá sýnir sá samanburður mun á áhrifum frumvarpsins og fjórföldunar veiðigjalds ef gert er ráð fyrir óbreyttum aflaheimildum. Ljóst er að fjórföldun veiðigjalds hefur mun meiri og verri áhrif á fyrirtækin í krókaafلامarkefinu, heldur en frumvarp 1475, enda er lækkun EBITDA mun meiri við hækkun veiðigjalds. Áhrif fjórföldunar veiðigjalds eru heldur meiri hjá stóru fyrirtækjunum en áhrif frumvarpsins en ekki munar þó þar miklu.

*Tafla 5. Áhrif fjórföldunar veiðigjaldsins á rekstur tuttugu stærstu fyrirtækjanna í aflamarkskerfinu og níu fyrirtækja í krókaafلامarkskerfinu ef gert er ráð fyrir óbreyttum aflaheimildum í þorski.*

Fyrirtæki: Í aflamarkskerfinu:	Breyting á EBITDA á 1 ári	Breyting á EBITDA á 15 ári	Upphaflega fjöldi ára að greiða skuldir	Eftir fjórföldun veiðigjalds fj ára að greiða skuldir
1	-11,8%	-11,8%	2,7	3,2
2	-19,6%	-19,6%	11,7	23,3
3	-12,2%	-12,2%	13,7	19,2
4	-21,7%	-21,7%	8,7	19,2
5	-20,5%	-20,5%	6,7	11,9
6	-11,5%	-11,5%	7,5	9,4
7	-17,8%	-17,8%	72,2	Aldrei
8	-14,4%	-14,4%	6,9	9,1
9	-21,7%	-21,7%	Skuldlaus	Skuldlaus
10	-42,4%	-42,4%	Aldrei	Aldrei
11	-20,9%	-20,9%	10,1	15,4
12	-15,3%	-15,3%	Skuldlaus	Skuldlaus
13	-15,4%	-15,4%	Aldrei	Aldrei
14	-18,3%	-18,3%	16,0	29,2
15	-31,7%	-31,7%	17,2	Aldrei
16	-17,2%	-17,2%	12,4	17,6
17	-14,4%	-14,4%	24,4	48,5
18	-13,9%	-13,9%	39,6	Aldrei
19	-11,2%	-11,2%	12,8	15,9
20	-13,2%	-13,2%	45,2	Aldrei
Meðaltal í aflamarkskerfi	-18,3%	-18,3%		
Í krókaafلامarkskerfinu:				
1	-20,8%	-20,8%	Aldrei	Aldrei
2	-178,3%	-178,3%	10,1	Aldrei
3	-50,0%	-50,0%	12,7	Aldrei
4	-20,1%	-20,1%	Skuldlaus	Skuldlaus
5	-10,3%	-10,3%	5,4	6,2
6	-14,5%	-14,5%	Aldrei	Aldrei
7	-7,2%	-7,2%	49,8	Aldrei
8	-12,1%	-12,1%	Aldrei	Aldrei
9	-14,6%	-14,6%	Aldrei	Aldrei
Meðaltal í krókaafلامark	-36,4%	-36,4%		

Tafla 6 sýnir áhrif fjórföldunar á veiðigjaldi ef gert er ráð fyrir að aflaheimildir í þorski aukist í 250 þúsund tonn á nokkrum árum. Taflan sýnir að þessi aukning veiðiheimilda hefur mikil og jákvæð áhrif á rekstur fyrirtækjanna. Ástæður þessa eru að tekjur fyrirtækjanna og framlegð eyst. Fastur kostnaður nýtist betur og meðalkostnaður lækkar. Sérstaklega á þetta við um fyrirtækin í krókaafلامarkskerfinu en aukning þorskkvóta gefur þeim möguleika á að standa undir miklum skuldum. Að meðaltali lækkar EBITDA stóru fyrirtækjanna um 18%



við fjórföldun veiðigjalds en hjá krókaafلامarksfyrirtækjunum lækkar EBITDA um rúmlega 35,6% að meðaltali þegar stuðst er við þessar forsendur um afla.

Ef töflur 4 og 6 eru bornar saman þá sýnir sá samanburður mun á áhrifum frumvarpsins og fjórföldunar veiðigjalds ef gert er ráð fyrir auknum aflaheildum í þorski. Ljóst er að fjórföldun veiðigjalds hefur mun meiri og verri áhrif á fyrirtækin í krókaafلامarkskerfinu, heldur en frumvarp 1475, enda er lækkun EBITDA mun meiri við hækkun veiðigjalds. Það lækkar um 35,6% að meðaltali við fjórföldun veiðigjalds en frumvarpið lækkar EBITDA krókaafلامarksfyrirtækjanna um 22,8% að meðaltali á fimmtánda ári.

Þessu er öfugt farið hjá stóru fyrirtækjunum en þar hefur fjórföldun veiðigjalds yfirleitt minni neikvæð eða svipuð áhrif á rekstur fyrirtækjanna en frumvarpið. Það sést m.a. á því að EBITDA lækkar að meðaltali um 17,9% ef veiðigjald er fjórfaldað en um að meðaltali 20,5% á fimmtánda ári ef frumvarpið verður að veruleika. Áhrifin af frumvarpinu eru þó minni til að byrja með heldur en áhrif fjórföldunar veiðigjalds. Það er vegna þess að tap aflaheimilda er jafnt og þétt í fimmtán ár samkvæmt frumvarpinu og eru áhrifin því ekki eins mikil til að byrja með og seinna verður.

*Tafla 6. Áhrif fjórföldunar veiðigjalds á rekstur tuttugu stærstu fyrirtækjanna í aflamarkskerfinu og níu fyrirtækja í krókaafلامarkskerfinu ef gert er ráð fyrir auknum aflaheimildum í þorski.*

Fyrirtæki: Í aflamarkskerfinu:	Breyting á EBITDA á 1 ári	Breyting á EBITDA á 15 ári	Upphaflega fjöldi ára að greiða skuldir	Eftir fjórföldun veiðigjalds fj ára að greiða skuldir
1	-11,7%	-11,7%	2,6	3,1
2	-19,5%	-19,5%	10,5	18,8
3	-12,1%	-12,1%	11,1	14,7
4	-21,5%	-21,4%	7,3	12,8
5	-20,3%	-20,2%	6,0	9,7
6	-11,4%	-11,4%	6,6	7,9
7	-17,7%	-17,6%	27,5	Aldrei
8	-14,2%	-14,1%	5,8	7,2
9	-21,4%	-21,3%	Skuldlaus	Skuldlaus
10	-41,8%	-41,6%	Aldrei	Aldrei
11	-20,5%	-20,4%	8,1	11,3
12	-15,0%	-15,0%	Skuldlaus	Skuldlaus
13	-15,1%	-15,0%	21,2	36,4
14	-18,0%	-17,9%	10,9	15,7
15	-31,0%	-30,8%	11,8	23,6
16	-16,9%	-16,8%	9,4	12,3
17	-14,1%	-14,0%	15,2	20,6
18	-13,5%	-13,4%	15,2	21,8
19	-10,8%	-10,8%	8,1	9,4
20	-12,8%	-12,7%	17,1	22,6
Meðaltal í aflamarkskerfi	-18,0%	-17,9%		
Í krókaafلامarkskerfinu:				
1	-20,2%	-20,1%	21,1	77,0
2	-175,6%	-174,8%	7,6	Aldrei
3	-48,5%	-48,3%	7,9	67,6
4	-19,5%	-19,4%	Skuldlaus	Skuldlaus
5	-10,0%	-9,9%	4,3	4,9
6	-14,2%	-14,1%	34,7	Aldrei
7	-6,9%	-6,9%	15,9	19,4
8	-11,7%	-11,7%	35,5	Aldrei
9	-14,0%	-14,0%	Aldrei	Aldrei
Meðaltal í krókaafلامark	-35,6%	-35,5%		

## Áhrif fjórföldunar veiðigjalds og 12. greinarinnar á rekstur

Ákveðið réttlæti felst í 12. grein frumvarpsins og jöfnun á aðstöðu. Í grófum dráttum felst í 12. greininni að skerðingar vegna núverandi potta sem hafa verið vegna strandveiða, byggðakvóta, línuívilnunar og skeljar- og rækjubóta er dreift jafnt á öll fyrirtæki í aflamarkskerfinu. Í pottunum hafa eingöngu verið þorskur, ýsa, ufsi og steinbítur. Því hefur aflahlutdeild þeirra fyrirtækja, sem hlutfallslega eru með mikla hlutdeild í þessum tegundum,

verið skertur meira en annarra vegna þessara potta. Almennt standa þau fyrirtæki sem græða aflaheimildir vegna 12. greinarinnar verr en þau fyrirtæki sem tapa aflaheimildum vegna hennar. Því er vert að skoða hvaða áhrif fjórföldun veiðigjalds hefði ásamt því að 12. grein frumvarpsins yrði lögfest.

Tafla 7 sýnir áhrif fjórföldunar á veiðigjaldi hefur samhliða því að kvótatilfærsla verður vegna 12. greinarinnar. Í töflunni er gert er ráð fyrir að aflaheimildir í þorski aukist í 250 þúsund tonn á nokkrum árum. Þessi tafla er í raun mjög sambærileg við töflu 6 en megin munurinn er að nú er bætt við kvótatilfærslu vegna 12. greinarinnar. Áhrif 12. greinarinnar eru að jafna nokkuð stöðu fyrirtækjanna. Þ.e. þau sem standa vel tapa yfirleitt kvóta en þau sem standa verr græða kvóta vegna hennar. Annar og þriðji dálkurinn sýna hversu miklum kvóta fyrirtækin græða og tapa vegna þessarar útfærslu. Hjá fyrirtækjunum í aflamarkskerfinu er mest tap er hjá fyrirtæki 1, en það tapar 3,1% af kvóta sínum í þorskígildum en fyrirtæki 20 hagnast mest en kvóti þess eykst um 3,6% vegna þessa.

Þetta útfærsla mildar því yfirleitt áhrif fjórföldunar veiðigjalds hjá verst stöddu fyrirtækjunum. Sem dæmi má taka fyrirtæki nr. 20 í aflamarkskerfinu. Áhrif þessarar útfærslu (12. greinin og fjórföldun á veiðigjaldi) eru þau að EBITDA á 1 ári minnkar um 8,4% frá óbreyttum lögum. Hins vegar sést í töflu 6 að ef eingöngu veiðigjald er fjórfaldað þá minnkar EBITDA hjá þessu fyrirtæki um 12,8%. Þessu er síðan öfugt farið þeim fyrirtækjum sem tapa kvóta vegna 12. greinarinnar.

Öll fyrirtækin í krókaflamarkskerfinu græða kvóta vegna 12. greinarinnar. Því er þessi útfærsla fjórföldunar veiðigjalds auðveldari fyrir þau heldur en ef veiðigjald er eingöngu fjórfaldað.

Tafla 7. Áhrif fjórföldunar veiðigjalds og 12. greinarinnar á rekstur tuttugu stærstu fyrirtækjanna í aflamarkskerfinu og níu fyrirtækja í krókaafلامarkskerfinu ef gert er ráð fyrir auknum aflaheimildum í þorski.

Fyrirtæki:	Breyting á kvóta á 1 ári	Breyting á kvóta á 15 ári	Breyting á EBITDA á 1 ári	Breyting á EBITDA á 15 ári	Upphaflega fjöldi ára að greiða skuldir	Eftir fjórföldun veiðig. og 12. g fjöldi ára að greiða skuldir
Í aflamarkskerfinu:						
1	-3,1%	-3,0%	-15,7%	-14,3%	2,6	3,1
2	-3,0%	-2,9%	-23,2%	-21,8%	10,5	21,5
3	-2,3%	-2,1%	-15,0%	-13,9%	11,1	15,5
4	-2,0%	-1,9%	-23,9%	-22,8%	7,3	13,7
5	-2,1%	-2,0%	-22,8%	-21,8%	6,0	10,3
6	-1,6%	-1,5%	-13,5%	-12,7%	6,6	8,2
7	-1,5%	-1,3%	-19,4%	-18,7%	27,5	Aldrei
8	-1,2%	-1,0%	-15,6%	-14,9%	5,8	7,4
9	-1,1%	-1,0%	-22,7%	-22,1%	Skuldlaus	Skuldlaus
10	-0,6%	-0,5%	-42,3%	-41,9%	Aldrei	Aldrei
11	-0,3%	-0,2%	-20,8%	-20,6%	8,1	11,3
12	-0,1%	-0,1%	-15,2%	-15,0%	Skuldlaus	Skuldlaus
13	0,7%	0,6%	-14,2%	-14,5%	21,2	35,4
14	0,9%	0,8%	-16,8%	-17,2%	10,9	15,4
15	1,2%	1,0%	-22,8%	-23,2%	11,8	19,8
16	1,4%	1,2%	-15,2%	-15,8%	9,4	12,1
17	1,6%	1,4%	-12,1%	-12,9%	15,2	19,9
18	2,6%	2,1%	-10,3%	-11,7%	15,2	20,4
19	3,1%	2,3%	-7,0%	-8,8%	8,1	9,0
20	3,6%	2,8%	-8,4%	-10,4%	17,1	21,1
Meðaltal í aflamarkskerfinu	-0,2%	-0,3%	-17,8%	-17,7%		
Í krókaafلامarkskerfinu:						
1	3,4%	2,7%	-16,3%	-18,0%	21,1	47,0
2	3,4%	3,0%	-90,3%	-91,5%	7,6	Aldrei
3	3,1%	2,4%	-45,8%	-47,1%	7,9	44,0
4	3,2%	2,5%	-15,8%	-17,5%	Skuldlaus	Skuldlaus
5	2,8%	2,3%	-6,4%	-8,0%	4,3	4,7
6	3,8%	3,2%	-9,5%	-11,5%	34,7	Aldrei
7	3,9%	3,0%	-1,9%	-4,2%	15,9	18,2
8	4,0%	3,1%	-6,8%	-9,1%	35,5	65,3
9	3,9%	2,8%	-9,4%	-11,7%	Aldrei	Aldrei
Meðaltal í krókaafلامarkskerfinu	3,5%	2,8%	-22,5%	-24,3%		

## Áhrif á efnahag

Líta má að virði varanlegra veiðiheimilda sé núvirði þess hagnaðar sem handhafi þeirra getur haft af þeim þegar til framtíðar er litið. Frumvarpið skerðir þann hagnað og hefur því neikvæð áhrif á verðmæti aflaheimilda. Skerðingin leiðir af ákvæði í 3. grein frumvarpsins fela í sér samdrátt í þeim hluta aflamarkskerfisins sem nýtingarsamningarnir taka til. Í öðru lagi mun hækkun veiðigjalds, skv. 25 gr. draga úr árlegum hagnaði útgerðarinnar, sem liggur til grundvallar mati á virði veiðiréttar. Hækkunin samkvæmt frumvarpinu nemur 9,5% af stofni veiðigjalds. Þessi hækkun leiðir augljóslega til lækkunar á virði veiðiheimilda. Í þriðja lagi dregur stuttur gildistími samninganna og óvissan um endurnýjun, sbr. 6. gr., úr virði veiðiréttarins. Mikil óvissa er um framlengingu nýtingarsamninga að 15 árum liðnum. Mjög erfitt er að meta fyrirfram hverjar líkur á framlengingu gætu verið. Hér er því farin sú leið að meta virðisrýrnunina miðað við líkur á endurnýjun eftir 15 árs séu 50%. Ekki er annað hægt að skilja af frumvarpinu en að framlenging umfram 23 ár sé útilokið og er því miðað við það í útreikningunum.

Í fjórða lagi er veðsetning aflaheimilda bönnuð skv. 8. gr. lagnanna. Þetta ákvæði hefur veruleg áhrif á virði aflaheimilda. Þetta ákvæði takmarkar möguleika til að fjármagna fjárfestingar í aflaheimildum með lánsfé. Ljóst er að slík takmörkun hækkar fjármagnskostnað þeirra aðila sem hyggjast fjárfesta í útgerð. Þeir munu þurfa að fjármagna í meira mæli með eigin fé eða afla utanaðkomandi veða fyrir fjárfestingar sínar. Veðsetning, þ.e. að tryggja lán með veðum, felur í sér umtalsverða vörn fyrir lánveitanda gegn áföllum í rekstri lánþega og grundvöllur fyrir langtíma lánaviðskiptum í fyrirtækjarekstri. Eðlilega er því mikill munur á vaxtaálagi lánadrottna eftir því hvort veð liggja fyrir eður ei.

Erfitt er þó að nálgast gögn um vaxtaálag sem íslenskur atvinnurekstur þarf að greiða. Þetta álag er hins vegar vel þekkt á alþjóðlegum mörkuðum og má auðveldlega mæla með því að bera saman muninn á ávöxtunarkröfu hlutabréfa og skuldabréfa fyrirtækja. Sem dæmi má nefna að raunávöxtun bandarískra hlutabréfa síðustu 50 ár hefur verið 4,875% en á sama tíma hefur raunávöxtun bandarískra fyrirtækjaskuldabréfa verið 2,375%. Vaxtamunurinn þar á milli er 2,5%. Stuðst veður við þetta álag við mat á áhrifum banns við veðsetningu á virði veiðiréttar hér að neðan (Artman 2008).

Í fimmta lagi munu takmarkanir á framsali draga úr virði veiðiréttarins. Mikilvæg forsenda þess að kvótakerfi skili tilætluðum árangri hvað hagkvæmni snertir er sú að aflaheimildir séu framseljanlegar. Án framsals munu hagkvæmu útgerðirnar ekki getað keypt út þær óhagkvæmu og afskaplega erfitt verður fyrir greinina að bregðast við breytingum í tækni, aflasamsetningu og annarra þátta.

Takmarkanir á framsalsmöguleikum, eins og gert er ráð fyrir í 7. gr. frumvarpsins, draga úr hagræðingarmöguleikum útgerðarinnar og gerir hana óhagkvæmari til lengri tíma litið (sjá t.d. Hersoug, Holm og Ranés 2000). Afar erfitt er hins vegar að leggja mat á umfang þessa óhagræðis. Hér er því einungis haldið til haga og bent á að virðið mundi rýrna meira ef hægt væri að taka á þessu sérstaklega.

Við mat á virðisrýrnun aflahlutdeildar er miðað við að útgerðarmenn hafi meðhöndlað aflahlutdeild sem varanlega eign, sem gæfi af sér tekjur um ókomin ár. Jafnframt er gert ráð fyrir að allar forsendur um þróun verðs afurða og aflamarks séu óháðar breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þetta má gera með því að festa árlegan hagnað í núverandi kerfi, t.d. setja hann sem 1. Síðan er hægt að taka tillit til áhrifa frumvarpsins með því að skala þennan árlega hagnað í samræmi við ákvæði frumvarpsins eins og þeim hefur verið lýst hér að framan. Að teknu tilliti til alls þessa er niðurstaðan sú að virði aflaheimilda muni lækka um a.m.k. 51% vegna frumvarpsins.

Aftur á móti hefur fjórföldun veiðigjalds minni áhrif á verðmæti veiðiheimilda. Vissulega mun veiðigjald draga úr framtíðarhagnaði en hins vegar heldur fiskveiðistjórnunarkerfið megin eiginleikum sínum í hagfræðilegum skilningi og stuðlar áfram að hagkvæmni. Með sömu aðferðafræði er hægt að meta það svo að virði veiðiheimilda lækki um 28,5% ef veiðigjald er fjórfaldað. Þessi lækkun er eingöngu vegna lækkunar á EBITDA útgerðarinnar. Hér verður einnig að hafa í huga að um helmingur EBITDA íslensks sjávarútvegs er hjá vinnslunni. Og gera má ráð fyrir að kaup á aflaheimildum sé stuðst bæði við framlegð veiða og vinnslu það gefur sjávarútvegsfyrirtækjum aukið svigrúm til þess að mæta auðlindagjaldinu. Það er því niðurstaða þessarar skýrslu að tæplega 30% lækkun á virði veiðiheimilda sé nokkuð góð nálgun – og líklega ofmat - ef veiðigjald verður 38% af reiknaðri EBITDA útgerðar.

Í töflu 8 er sýnd efnahagsleg staða tuttugu af tuttugu og fimm stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum og níu fyrirtækja í krókaafلامarkskerfinu í árslok 2009. Einnig sýnir taflan áhrif frumvarpsins, áhrif fjórföldunar veiðigjalds á eiginfjárstöðu fyrirtækjanna og

áhrif fjórföldunar veiðigjalds ásamt 12. greininni. Í töflunni er greint frá eiginfjárlutfalli fyrirtækjanna en það er eigið fé/heildar eignir. Þetta hlutfall þarf almennt að vera hærra en 30% svo vel sé, en það var einungis 0,2% að meðaltali hjá fyrirtækjunum í aflamarkskerfinu. Bókfærð staða fyrirtækjanna er því veik og fjármagna fyrirtækin sig að mestu með lánsfé. Hins vegar þegar eigið fé er endurmetið, þ.e. þegar veiðiheimildir eru metnar á ætluðu markaðsverði, breytist staðan nokkuð.<sup>4</sup> Þá er eiginfjárlutfall, þ.e. endurmetið eiginfjárlutfall, að meðaltali 32,6% hjá fyrirtækjunum í aflamarkskerfinu. Þá eru einungis þrjú af tuttugu með neikvætt endurmetið eiginfjárlutfall en níu eru með þetta hlutfall bókfært neikvætt.

Tafla 8. Efnahagleg staða tuttugu stærstu fyrirtækjanna í aflamarkskerfinu og níu fyrirtækja í krókaflamarkskerfinu. Áhrif frumvarps skv. þingskjali 1475 á endurmetið eigið fé fyrirtækjanna, áhrif fjórföldunar veiðigjalds á endurmetið eiginfjárlutfall og áhrif 12. greinarinnar og fjórföldunar veiðigjalds.

Fyrirtæki í aflamarkskerfinu	Bókfært eiginfjárh.	Endurmetið eiginfjárh.	Endurmetið eig. fjárh. eftir frumvarp	Endurmetið eig. fjárh. ef eingöngu veiðigjald hækkar	Endurmetið eiginfjárh. ef eingöngu veiðigjald hækkar og 12.
1	93,0%	96,3%	94,9%	95,6%	95,6%
2	51,6%	73,0%	61,6%	67,7%	67,6%
3	35,2%	51,5%	34,1%	43,9%	42,5%
4	46,4%	59,8%	40,5%	51,5%	50,5%
5	32,9%	58,8%	37,2%	49,5%	48,6%
6	40,3%	56,4%	44,6%	50,7%	50,4%
7	15,6%	27,9%	0,3%	15,2%	14,3%
8	18,7%	36,4%	8,7%	24,7%	22,4%
9	-2,9%	15,6%	-23,5%	-1,3%	-3,5%
10	16,8%	35,8%	-11,6%	15,9%	15,7%
11	16,1%	30,7%	-10,9%	11,9%	12,6%
12	-30,7%	10,7%	-43,8%	-14,5%	-12,4%
13	-35,9%	23,5%	-27,1%	1,0%	2,1%
14	16,5%	25,7%	-5,9%	10,2%	11,4%
15	-43,0%	45,1%	2,3%	26,9%	11,4%
16	-29,0%	21,2%	-11,5%	6,2%	5,4%
17	-91,0%	-22,6%	-109,3%	-60,8%	-58,6%
18	-51,9%	-4,9%	-65,2%	-32,1%	-31,5%
19	-78,5%	-33,2%	-128,2%	-76,2%	-71,6%
20	-16,7%	45,0%	20,5%	33,7%	33,4%
Meðaltal	0,2%	32,6%	-4,6%	16,0%	15,3%
Fyrirtæki í krókaflamarkskerfinu	Bókfært eiginfjárh.	Endurmetið eiginfjárh.	Endurmetið eig. fjárh. eftir frumvarp	Endurmetið eig. fjárh. ef eingöngu veiðigjald hækkar	Endurmetið eiginfjárh. ef eingöngu veiðigjald hækkar og 12.
1	54,5%	94,6%	90,3%	92,7%	93,6%
2	-28,8%	22,4%	-28,9%	-1,0%	4,3%
3	-40,3%	92,7%	86,5%	90,0%	91,1%
4	64,7%	77,6%	63,4%	71,1%	73,5%
5	-92,0%	2,8%	-67,5%	-29,0%	-25,6%
6	-44,5%	-75,5%	-119,7%	-99,0%	-85,3%
7	-86,8%	-45,0%	-113,1%	-78,8%	-72,5%
8	-125,8%	-121,0%	-287,3%	-195,8%	-184,7%
9	-128,5%	-166,2%	-368,3%	-255,9%	-220,9%
Meðaltal	-47,5%	-13,1%	-82,7%	-45,1%	-36,3%

Þriðji dálkurinn í töflu 8 sýnir áhrif frumvarpsins á endurmetið eiginfjárlutfall félaganna. Gengið er út frá þeirri forsendu að frumvarpið leiði til 51% verðlækkunar á veiðiheimildum. Að auki er tekið tillit til áhrifa 12. greinarinnar en hún hækkar kvóta sumra fyrirtækja en lækkar kvóta annarra. Áhrif frumvarpsins eru þau að meðal endurmetið eiginfjárlutfall félaganna verður -4,6%. Því munu þessi félög að meðaltali skulda meira en

<sup>4</sup> Eftirfarandi var kvótaverðið á mikilvægustu tegundunum: Þorskur 2200 kr./kg. Ýsa 950 kr./kg. Ufsi 500 kr./kg. Hvert 1% af loðnukvóta var metið á 225 millj. kr. og hvert 1% af síldarkvóta á 200 millj. kr.

sem nemur verðmæti eigna ef þessi lög um breytingar á fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar verða samþykkt. Tíu félög af tuttugu verða þá með neikvætt endurmetið eigið fé og staða þeirra er þá mjög erfið.

Fjórði dálkurinn sýnir svo hvaða áhrif fjórföldun á veiðigjaldi hefur á endurmetið eiginfjárlutfall. Þá eru áhrifin mun minni en af frumvarpinu. Að meðaltali verður þá endurmetið eigið fé stóru fyrirtækjanna (fyrirtækjanna í aflamarkskerfinu) 16,0%. Þá hafa fimm fyrirtæki af tuttugu þetta hlutfall neikvætt þ.e. hjá þeim verða virði eigna minna en virði skulda. Seinasti dálkurinn sýnir svo hvaða áhrif fjórföldun veiðigjalds ásamt 12. greininni hefur á endurmetið eigið fé fyrirtækjanna. Þessi útfærsla hækkunar á veiðigjaldi jafnar stöðu fyrirtækjanna nokkuð þannig að eiginfjárstaða best stöddu fyrirtækjanna versnar örlítið meðan að einfjárstaða verst stöddu fyrirtækjanna lagst yfirleitt nokkuð.

Staða fyrirtækjanna í krókaafلامarkskerfinu er einnig sýnd neðst í töflu 8. Almennt er hún miklu verri en efnahagsleg staða stóru fyrirtækjanna. Að meðaltali var bókfært eiginfjárlutfall þessara fyrirtækja -47,5% í árslok 2009. Endurmetið eiginfjárlutfall var heldur skárri en það var þá -13,1%. Fimm fyrirtæki voru þó með jákvætt endurmetið eigið fé í árslok 2009. Áhrif frumvarpsins eru metin á sama hátt og hjá fyrirtækjum í aflamarkskerfinu. Einnig var tekið tillit til 12. greinarinnar en hún eykur almennt aflaheimildir fyrirtækja í krókaafلامarkskerfinu. Niðurstaðan er sú að frumvarpið hefur þau áhrif að efnahagsleg staða þessara fyrirtækja sem sýnd eru í töflu 8 verður mjög slæm. Einungis þrjú af níu hafa þá jákvætt endurmetið eigið fé – þ.e. hjá einungis þremur félögum eru eignir meiri en skuldir. Staðan er síðan aðeins betri ef miðað er við fjórföldun á veiðigjaldi á eiginfjástöðu fyrirtækjanna í krókaafلامarkskerfinu. En samt eru þá einungis þrjú af níu fyrirtækjum með jákvæða stöðu. Staðan skánar nokkuð hjá fyrirtækjunum ef kvóti er færður til þessara fyrirtækja samkvæmt 12. greininni. Það er sýnt í seinasta dálknum. Þá verður endurmetið eigið fé þessar félaga heldur hærra.

## Niðurstöður

Frumvarp 1475 „stóra frumvarpið“ hefur margvísleg og mjög neikvæð áhrif á rekstur og efnahag íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Hækkun veiðigjalds, flutningur kvóta í potta, algjört bann við veðsetningu og fleiri atriði frumvarpsins draga mjög úr hagkvæmni sjávarútvegsfyrirtækja. Fyrirtækin eru mörg skuldug og mega mörg ekki við verulega verra rekstrarumhverfi. Þetta á sérstaklega við um fyrirtæki í krókaafلامarkskerfinu en þau eru mörg mjög skuldug.

Í þessari greinargerð er gerður samanburður á frumvarpinu og fjórföldun á veiðigjaldinu. Niðurstaðan er sú að fjórföldun veiðigjalds hafi svipuð eða minni áhrif á framlegð og eiginfjástöðu 20 stærstu fyrirtækjanna í aflamarkskerfinu en frumvarpið. Dæmið gæti þó snúist aðeins við fyrir fyrirtæki sem eru eingöngu í útgerð en ekki vinnslu. Ástæðan er sú að flest hin stærri fyrirtæki stunda bæði veiðar og vinnslu og um helmingur framlegðar í íslenskum sjávarútvegi kemur úr vinnslunni og því er bakið breiðara hjá þessum fyrirtækjum að taka á sig hækkun veiðigjalds en hjá þeim fyrirtækjum er stunda útgerði eingöngu.

Þessu er yfirleitt öfugt farið hjá fyrirtækjum í krókaafلامarkskerfinu. Mörg eru illa rekin og skuldastaða þeirra er oft mjög erfið. Þau eru yfirleitt ekki með fiskvinnslu og njóta því ekki þeirrar framlegðar sem hún gefur. Framlegð þeirra er yfirleitt fremur lítil og því þola þau því illa mikla hækkun á veiðigjaldi.

Almennt þola illa stödd fyrirtæki betur fjórföldun á veiðigjaldi ef kvóti er fluttur til og frá fyrirtækjum samkvæmt 12. grein frumvarpsins. Þau fyrirtæki sem standa illa fá yfirleitt kvóta vegna þessarar greinar, en best stöddu fyrirtækin tapa nær alltaf kvóta vegna hennar. Því þola verst stöddu fyrirtækin betur hækkun á veiðigjaldi ef hækkun veiðigjalds er framkvæmd á þennan hátt. Þetta á einkum við fyrirtækin í krókaflamarkskerfinu en þau fá öll aukinn kvóta samkvæmt 12. greininni.

Efnahagsleg áhrif frumvarpsins eru samt sem áður mun meiri heldur en áhrif fjórföldunar á veiðigjaldi. Áætla má að frumvarpið lækki virði aflaheimilda um rúmlega 50%. Hins vegar má með sambærilegum forsendum færa rök fyrir því að fjórföldun veiðigjalds lækki virði aflaheimilda um tæplega 30%. Því hefur veruleg hækkun veiðigjalds minni neikvæð áhrif á efnahagslega stöðu fyrirtækjanna heldur en frumvarpið.

Í heildina er því niðurstaðan að frumvarp skv. þingskjali 1475 hafi svipuð eða heldur meiri neikvæð áhrif á rekstur og efnahag íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja heldur en jafn róttæk ráðstöfun og fjórföldun veiðigjalds, sem næmi þá 38% af reiknuðu EBITDA útgerðarinnar.

## Heimildir

- Artman, I., (2008). Review of "100 Years of Corporate Bond Returns Revisited". Sótt 1. nóvember 2011 af: <http://seekingalpha.com/article/109401-review-of-100-years-of-corporate-bond-returns-revisited>
- Hersoug, B., P. Holm & S. A. Ranes, (2000). The missing T. Path dependency within an individual vessel quota system - the case of Norwegian cod fisheries. *Marine Policy*, 24, 319-330.
- ICES Advisory Committee. (2009). *Report of the Ad hoc Group on Icelandic Cod. HCR Evaluation (AGICOD). ICES AGICOD report 2009*. ICES CM 2009\ACOM:56. ICES, Copenhagen, Denmark